

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 139/2005

frá 2. desember 2005

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/176/EB frá 1. mars 2005 um kerfisbundið eyðublað og kóða fyrir tilkynningu um dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun ráðsins 82/894/EBE ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/209/EB frá 11. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 2004/288/EB að því er varðar framlengingu tímabundins aðgangs Ástralíu og Nýja-Sjálands, sem veittur var samkvæmt þeirri ákvörðun, að varaforða Bandalagsins af gin- og klaufaveikibóluefni ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/216/EB frá 9. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 2003/828/EB að því er varðar undanþágu frá banni við flutningi út af svæði þegar um er að ræða flutninga dýra innanlands ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/224/EB frá 14. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 2003/136/EB að því er varðar lok áætlunar um neyðarbólusetningu villtra svína gegn svínapest í Lúxemborg ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/226/EB frá 14. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 2005/59/EB að því er varðar svæði í Slóvakíu þar sem hrinda á í framkvæmd áætlunum um útrýmingu svínapestar í villtum svinum og um neyðarbólusetningu þessara svína gegn svínapest ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/235/EB frá 15. mars 2005 um niðurfellingu á ákvörðun 2002/626/EB um samþykkt áætlunar, sem Frakkland hefur lagt fram, um að útrýma svínapest í villtum svinum í Moselle og Meurthe-et-Moselle ⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.
- 8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/236/EB frá 15. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 2003/135/EB að því er varðar lok áætlana um útrýmingu svínapestar í villtum

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 14 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 40.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 68, 15.3.2005, bls. 42.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 69, 16.3.2005, bls. 39.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 71, 17.3.2005, bls. 69.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 71, 17.3.2005, bls. 72.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 72, 18.3.2005, bls. 43.

svinum og um neyðarbólusetningu þessara svína gegn svínapest á tilteknum svæðum sambandsríkisins Rheinland-Pfalz ⁽⁸⁾ skal felld inn í samninginn.

- 9) Tilskipun ráðsins 2005/24/EB frá 14. mars 2005 um breytingu á tilskipun 87/328/EBE að því er varðar geymslustöðvar fyrir sæði og notkun eggja og fósturvísa úr hreindræktuðum kynbótanautgripum ⁽⁹⁾ skal felld inn í samninginn.
- 10) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/264/EB frá 23. mars 2005 um breytingu á ákvörðun 2004/832/EB að því er varðar áætlun um útrýmingu svínapestar í villtum svinum í Norður-Vogesafjöllum í Frakklandi og um neyðarbólusetningu þessara svína gegn svínapest ⁽¹⁰⁾ skal felld inn í samninginn.
- 11) Með ákvörðun 2005/176/EB er felld úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/807/EB ⁽¹¹⁾ en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.
- 12) Ákvörðun þessi gildir ekki að því er varðar Ísland og Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Norskur texti tilskipunar 2005/24/EB og ákvarðana 2005/176/EB, 2005/209/EB, 2005/216/EB, 2005/224/EB, 2005/226/EB, 2005/235/EB, 2005/236/EB og 2005/264/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. desember 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 72, 18.3.2005, b ls. 44.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 78, 24.3.2005, b ls. 43.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 81, 30.3.2005, b ls. 48.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 326, 22.12.2000, b ls. 80.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2005

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 5. lið (tilskipun ráðsins 87/328/EBE) í hluta 2.2:
„, eins og henni var breytt með:
 - **32005 L 0024**: Tilskipun ráðsins 2005/24/EB frá 14. mars 2005 (Stjtíð. ESB L 78, 24.3.2005, bls. 43).“
2. Texti 16. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/807/EB) í hluta 3.2 falli brott.
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 30. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/828/EB) í hluta 3.2:
„- **32005 D 0216**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/216/EB frá 9. mars 2005 (Stjtíð. ESB L 69, 16.3.2005, bls. 39).“
4. Eftirfarandi bætist við í 31. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/288/EB) í hluta 3.2:
„, eins og henni var breytt með:
 - **32005 D 0209**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/209/EB frá 11. mars 2005 (Stjtíð. ESB L 68, 15.3.2005, bls. 42).“
5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 31. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/288/EB) í hluta 3.2:
„32. **32005 D 0176**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/176/EB frá 1. mars 2005 um kerfisbundið eyðublað og kóða fyrir tilkynningu um dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun ráðsins 82/894/EBE (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 40).“
6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 20. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/135/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:
„- **32005 D 0236**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/236/EB frá 15. mars 2005 (Stjtíð. ESB L 72, 18.3.2005, bls. 44).“
7. Eftirfarandi bætist við í 21. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/136/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:
„, eins og henni var breytt með:
 - **32005 D 0224**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/224/EB frá 14. mars 2005 (Stjtíð. ESB L 71, 17.3.2005, bls. 69).“
8. Eftirfarandi bætist við í 28. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/832/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:
„, eins og henni var breytt með:

- **32005 D 0264:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/264/EB frá 23. mars 2005 (Stjtíð. ESB L 81, 30.3.2005, bls. 48).“
9. Eftirfarandi bætist við í 29. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/59/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:
- „, eins og henni var breytt með:
- **32005 D 0226:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/226/EB frá 14. mars 2005 (Stjtíð. ESB L 71, 17.3.2005, bls. 72).“
10. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 30. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/66/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:
- „31. **32005 D 235:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/235/EB frá 15. mars 2005 um niðurfellingu á ákvörðun 2002/626/EB um samþykkt áætlunar, sem Frakkland hefur lagt fram, um að útrýma svínapest í villtum svínum í Moselle og Meurthe-et-Moselle (Stjtíð. ESB L 72, 18.3.2005, bls. 43).“
11. Undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2 falli brott texti 19. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/626/EB).